



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Áætlaðar göngu- og hjólastígaframkvæmdir 2023.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð veiti heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna fyrir eftirtaldar stígaframkvæmdir:

- Gufunes
- Kringlumýrarbraut/Borgartún - gatnamót
- Vegmúli
- Suðurhlíðar
- Höfðabakki,
 - Hamrastekkur að höfðabakkabré
 - Rafstöðvarvegur – Bæjarháls.
- Elliðaárdalur 3.áf., Grænagróf – Dimma, stígagerð og brú.

Greinargerð

Í meðfylgjandi kynningu er yfirlit yfir framkvæmdirnar og nánari lýsing á hverri framkvæmd. Gert er ráð fyrir að hluti verkefnanna verði greiddur af samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins í samræmi við samkomulag þar um en önnur verkefni af viðkomandi liðum fjárfestingaráætlunar, svo sem hjóltreiaáætlun og gerð stíga í eldri hverfum.

Áætlað kostnaðarmat við ofantalda stíga er um 1080 milljónir króna og heildarlengd þeirra er tæpir 4,3 km.

Undirbúningur vegna ofangreindra stíga er kominn mislangt á leið, en stefnt er að því að framkvæmdir við þá alla hefjist á árinu 2023. Á árinu er einnig gert ráð fyrir að halda vinnu áfram við eða ljúka áður kynntum framkvæmdum við:

- Sörlaskjól / Faxaskjól.
- Krókháls / Dragháls, frá Höfðabakka að Suðurlandsvegi
- Elliðaárdalur – Stígur í stað hitaveitustokks.
- Rofabær, borgargata.
- Hálsabraut.
- Skógarhlíð, frá Litluhlíð að Miklubraut.
- Réttarholt, Réttarholtsvegur að Sogavegi.
- Háaleitisbraut – Bústaðavegur, gatnamót.
- Arnarnesvegur – stígtengingar við samgöngusáttmálastígana
- Elliðaárdalur – Dimma brú.
- Kjalarnes, Hringvegur (1), Varmhólar – Vallá.
- Arnarnesvegur / Breiðholtsbraut, stígur og brú.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri